

1. skólaráðsfundur

Haldinn á kaffistofu Gamla skóla 15. október kl 16.15. Mættir: Daði Sigfússon fulltrúi foreldrafélags leikskólans, Kristinn Már Jóhannesson fulltrúi foreldrafélags grunnskólans, Unnur Óskarsdóttir fulltrúi kennara grunnskólans, Urður Arna Ómarsdóttir fulltrúi kennara leikskólans, Bjarnheiður Jónsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Sofija Una Unnarsdóttir fulltrúi nemenda og Þórunn Hrund Óladóttir skólastjóri sem skrifaði fundargerð.

1. Starfsáætlun skólaráðs. Skólastjóri fór yfir starfsáætlun skólaráðs og hlutverk nefndarmanna. Eftirfarandi fundadagsetningar ákveðnar; 20. nóv, 8. jan., 11. feb., 12. mars, 15. apríl og 20. maí.
2. Starfið á deildunum. Skólastjóri stiklaði á stóru um starfsemi skólans það sem af er skólaárinu og það sem framundan er. Helstu atriði;
 - Þróunarverkefni á leikskólanum
 - SÆG verkefnið í grunnskólanum
 - Svakalega lestarkeppnin
 - Bleikur dagur
 - Legó keppnin
 - Opinn dagur í grunnskólanum
3. Halloween ball. Í mörg ár hefur verið haldið Halloween ball í samstarfi foreldrafélaganna og nemendaráðs daginn eftir hrekkjavöku. Umræður um hvort eigi mögulega að sleppa því þetta árið. M.a. verður viðburður fyrir alla fjölskylduna í Tækniminjasafninu þennan dag og myndi það þá skarast. Einnig eru unglingarnir sem hafa haft veg og vanda af ballinu mjög uppteknir þessa daga. Ákveðið að skoða í nemendaráði hvort hægt væri að finna aðrar útfærslur af þessum viðburði eða vera með annan viðburð með nemendum síðar í nóvember.
4. Kynlaus klósett í íþróttahúsi og sundlaug. Nauðsynlegt er að komið sé upp kynlausum klósettum/sturtum í íþróttamannvirkjum bæjarins. Það er ekki ásættanleg lausn að viðkomandi aðstöðu sé komið fyrir niðri í kjallara eða annars

staðar þar sem viðkomandi þurfa að fara langt frá öðrum nemendum. Brýnt að ýta á eftir þessu á öllum vígstöðvum.

5. Útikennslustofan. Kristinn fer yfir stöðuna. Lítið hefur verið unnið í útikennslustofunni í sumar og eru ýmsar ástæður fyrir því. Staðan núna er sú að grindin að skýlinu er tilbúin til uppsetningar og því hægt að setja hana upp þegar færi gefst.
6. Ný skólabygging. Skólastjóri fer yfir nýjustu teikningar. Búið er að vera að teikna skólann af fullum krafti í haust í samráði við starfsfólk skólans og fræðslustjóra. Komnar eru teikningar sem aðilar eru sáttir við og á nú að halda áfram að vinna með þær að nánari hönnun.
7. Erindi frá foreldrafélagi grunnskólans:
 - Þurrkskápar – Væri hægt að fá þurrkskápa þar sem væri hægt að þurrka útiföt yngstu nemendanna? Það strandar á pláss, ekki hægt að koma slíkum skáp fyrir með góðu móti. Bent á að til eru þurrkgrindur sem taka minna pláss. Skólastjóri ætlar að kynna sér málið.
 - Aðstaða til að hita nesti í matsalnum. Skólastjóri mun ræða við matráðinn og sjá til þess að keyptur verði örbylgjuofn.
 - Fræðsla fyrir nemendur/starfsfólk. Óskað eftir hugmyndum að fræðslu sem gætu nýst nemendum og/eða starfsfólki. Skólastjóri mun ræða þetta á starfsmannafundi.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17. 25